

**Samþykktir Lykils fjármögnunar hf.**

**Articles of Association for Lykill  
fjármögnun hf.**

**I. kafli.  
Nafn félagsins og tilgangur.**

**Section I  
The Company's Name and Object**

1. grein.

Article 1

Félagið er hlutafélag. Heiti þess er Lykill fjármögnun hf. (hér eftir nefnt „félagið“).

The Company is a Public Limited Liability Company. Its name is Lykill fjármögnun hf. (hereinafter named "the Company").

2. grein.

Article 2

Heimili félagsins er að Ármúla 1, Reykjavík. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

The Company's domicile is at Ármuli 1, Reykjavik. The Company's venue is at Reykjavik.

3. grein.

Article 3

Tilgangur félagsins er eignarleiga, lánstarfsemi og önnur fjármálaþjónusta.

The object of the Company is leasing of property, credit activities and other financial services.

Þá er og tilgangur félagsins öll önnur starfsemi sem nauðsynleg telst fyrir ofangreindan tilgang.

The object of the Company is also all other activities deemed necessary for the aforementioned purpose.

**II. kafli.  
Hlutafé félagsins.**

**Section II  
The Company's Share Capital**

4. grein.

Article 4

Hlutafé félagsins kr. 230.901.275 - sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti er greitt.

The Company's share capital amounts to ISK 230.901.275 - and is divided into that number of one ISK shares and is paid.

Hluthafafundur einn getur tekið ákvörðun um hækkun eða lækkun hlutafjár.

A shareholders' meeting alone may make a decision on a rise or reduction of share capital.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

The Company's Board of Directors shall keep a record of shares in accordance with Laws.

5. grein.

Article 5

Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu, skal honum afhent hlutabréf er veitir honum full réttindi í félaginu samkvæmt samþykktum þessum. Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn. Hlutabréf félagsins skulu gefin út af stjórn

When a shareholder has paid for his share in full he shall be handed a share certificate granting him complete rights in the Company in accordance with the present Articles of Association. Share certificates shall be numbered and shall

félagsins og skulu allir stjórnarmenn rita nöfn sín undir þau. Nöfn þeirra má rita með vélrænum hætti. Heimilt er að sameina hluti hvers einstaks hluthafa í einu hlutabréfi.

be in a name. Share certificates shall be issued by the Company's Board of Directors and all the Directors shall sign their names thereon. Their names may be written electronically. It is permissible to combine the shares of each individual shareholder in a single share certificate.

Glatist hlutabréf getur stjórn félagsins stefnt handhafa þess til sín með þriggja mánaða fyrirvara frá birtingu áskorunar sem birt skal tvisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram áður en fresturinn er liðinn, falla niður öll réttindi á hendur félaginu samkvæmt hlutabréfinu. Skal stjórn félagsins þá að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt bréf honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá upphaflegum eiganda. Skal nýja bréfið vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

In case of a loss of a share certificate, the Company's Board of Directors may call upon the holder thereof to report to it within three months following the publication of a challenge notice, which shall be published twice in the Legal Gazette. In case no one reports to the Board within the given time limits, all rights against the Company according to the share certificate cease to be valid. At the request of the original owner of the share certificate, the Company's Board of Directors shall then issue a new certificate to him or a person proving that he lawfully derives his right from such original owner. The new certificate shall be subject to the same terms as the previous one.

Ef hlutabréf skemmist, en þó verður ekki villst á tölu þess og efni, getur eigandi þess fengið nýtt hlutabréf á sinn kostnað frá stjórn félagsins gegn því að skila hinu skemmda bréfi.

In case a share certificate is damaged, but its number and content can still be confirmed, its owner may request the for a new share certificate to be issued by the Company's Board of Directors, at such owner expense, provided that the damaged certificate is simultaneously returned to the Board.

#### 6. grein.

#### Article 6

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

No privileges attach to shares in the Company. Shareholders are not in duty bound to be subject to redemption of their shares, unless Laws determine otherwise.

#### 7. grein.

#### Article 7

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu. Hluthafar eiga þó rétt til nýrra hluta í félaginu. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti eða fá þá að veði, nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

No restrictions are in force as it pertains to the sale or other conveyance of shares in the Company. Shareholders are, however, entitled to new shares in the Company. The Company is not permitted to purchase own shares or to have these hypothecated except to the limit permitted by Laws. The Company may not grant credit against its shares.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu skal ávallt tilkynna stjórn félagsins skriflega jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Changes in ownership of shares in the Company shall at all times be given notice of to the Company's Board of Directors in writing as soon as these occur and the record of shares shall then be amended in conformity therewith.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrána eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

A party acquiring a share certificate in the Company cannot apply his rights in the capacity of a shareholder unless his name has been entered in the record of shares or he has given notice and evidence of his ownership of the share.

Framsöl hluta skulu ávallt rituð á hlutabréfin.

Conveyances of shares shall at all times be written on the share certificates.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

In accordance with a decision by the Company's Board of Directors it is permissible to issue share certificates in an electronic manner at a securities centre in conformity with the Act respecting Electronic Recording of the Ownership of Securities.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Arð, svo og jöfnunarhlutabréf, fundarboð og tilkynningar allar, skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

Vis-à-vis the Company the record of shares shall be deemed to constitute fully valid evidence of the ownership of shares in the Company. Dividend as well as compensation shares, calls to meetings and all notifications shall be sent to the party being at each given time the registered owner of the share certificates concerned in the Company's record of shares. The Company is in no way responsible in case payments or notifications go astray in transit due to the fact that it has been neglected to give the Company notice of changes in ownership or residence.

Efnisatriði þessarar greinar skal prenta á hvert hlutabréf.

The material items of the present Article shall be printed on each share certificate.

#### 8. grein.

#### Article 8

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt með lögmætum hætti.

Each shareholder is in duty bound, without a special undertaking, to abide by the Company's Articles of Association in the present form or as these may subsequently be amended in a lawful manner.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Shareholders are not responsible for the Company's liabilities in excess of their share in the Company.

### **III. kafli Hluthafafundur.**

### **Section III Shareholders' Meetings**

#### 9. grein.

#### Article 9

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Hver hlutur veitir atkvæðisrétt. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

A shareholders' meeting wields supreme power in Company affairs. Shareholders apply their power of decision at shareholders' meetings. A shareholder may have a representative attend a shareholders' meeting on his behalf. Each share grants voting rights. The Company's own shares do not enjoy voting rights.

#### 10. grein.

#### Article 10

Félagstjórn skal boða til aðalfundar og annarra hluthafafunda með auglýsingu í dagblöðum eða á annan jafn sannanlegan hátt. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

The Company's Board of Directors shall call an Annual General Meeting and other shareholders' meetings by means of advertisement in daily papers or in another equally verifiable manner. The Agenda shall be stated in the call to a meeting.

Til hluthafafundar skal boðað með skemmst viku fyrirvara. Þó skal boða til aðalfundar með skemmst tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er að halda aðalfund sem boðaður er með skemmst viku fyrirvara ef hluthafar, sem ráða yfir a.m.k. 90% hlutafjár, samþykkja það fyrir fram skriflega.

Shareholders' meetings shall be called with no less than one week's notice. However, Annual General Meetings shall be called with no less than two weeks' notice. Subject to the prior written approval of shareholders controlling at least 90% of the share capital of the Company, an Annual General Meeting may be called with no less than one week's notice.

Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

An Annual General Meeting shall be held before the end of June each year.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður án tillits til þess hversu margir sækja hann. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með a.m.k. sjö daga fyrirvara og skal þess þá getið í fundarboði, að fundurinn sé haldinn í stað þess fundar, sem ekki varð lögmætur.

A shareholders' meeting is lawful if it is legally called irrespective of how many attend. In case a meeting become unlawful due to shortcomings in this respect a new meeting shall be called within a month at a minimum advance notice of seven days and it shall then be stated in the call to the meeting that it be held to replace the meeting which did not become lawful.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tuttugasta (1/20) hluta hlutfjár í félaginu. Skal krafan gerð skriflega og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan 14 daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fundi eftir móttöku slíkrar kröfu, skal fenginn atbeini ráðherra í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

A shareholders' meeting will elect a Chairman and a Secretary for the meeting. Extraordinary meetings shall be held in accordance with the Board's decision or upon the requirement of elected Auditors or shareholders controlling a minimum of a twentieth (1/20) of the share capital in the Company. The requirement shall be filed in writing and the Agenda shall be specified and a meeting shall then be called within 14 days. In case the Board shirks from calling meetings following upon the receipt of such a requirement the Minister's assistance shall be obtained in conformity with the provision of the Public Limited Liability Company Act

#### 11. grein.

#### Article 11

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar félagsins eigi síðar en 14 sólarhringum fyrir upphaf fundar.

Each shareholder is entitled to have a specific matter taken for consideration at a shareholders' meeting if he files a requirement in writing for this with the Company's Board of Directors no later than 14 days prior to the outset of a meeting.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund nema boðunarfrestur sé skemmri samkvæmt 2. mgr. 10. gr.) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og send þeim skráðu hluthöfum sem þess óska.

The call to a meeting shall specify the matters to be taken for consideration at a shareholders' meeting. At least one week prior to a shareholders' meeting (two weeks prior to an Annual General Meeting, unless called with less than two weeks' notice in accordance with Article 10(2)) the Agenda, final Motions as well as annual accounts, the Board's annual report and the Auditor's report, in case of an Annual General Meeting, shall be submitted on show for shareholders at the Company's office and sent to the registered shareholders requesting this.

Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins auk hluthafa eða umboðsmanna þeirra, hafa endurskoðandi félagsins svo og fulltrúar rekstrar- og vörslufélags. Þessir aðilar hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt þeir séu ekki hluthafar.

Entitled to attend the Company's shareholders' meetings in addition to shareholders or their representatives are the Company's Auditor as well as representatives of an operational and custodial Company. These parties have complete freedom of speech and the right to move at shareholders' meetings although they are not shareholders.

12. grein.

Article 12

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

The following matters shall be taken for consideration at an Annual General Meeting:

- |   |   |
|---|---|
| 1) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið ár.  | 1) Report by the Board of Directors on the Company's activities during the immediate past year.   |
| 2) Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár skal, ásamt endurskoðunarskýrslu endurskoðanda félagsins, leggja fram til staðfestingar. | 2) The Company's accounts for the past year of operations along with the audit report by the Company's Auditor shall be submitted for confirmation. |
| 3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári.  | 3) Decision on the handling of the Company's profit or loss during the immediate past fiscal year.  |
| 4) Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.   | 4) Motions for Amendments to the Company's Articles of Association, if received.  |
| 5) Kosning stjórnar félagsins.  | 5) Election of the Company's Board of Directors.  |
| 6) Kosning endurskoðanda.   | 6) Election of an Auditor.  |
| 7) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á liðnu ári.  | 7) Decision on remuneration to Directors and Auditors for their work during the past year.  |
| 8) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins   | 8) Proposal on the Company's Remuneration Policy  |
| 9) Önnur mál löglega upp borin.   | 9) Other matters legally submitted.   |

13. grein.

Article 13

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum eða samþykktum þessum.

A simple plurality of votes decides issues, unless alternative instructions be contained in Laws or the present Articles of Association.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

The agreement of all shareholders is required for the following purposes:-

- |   |  |
|---|--|
| 1) Að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir umfram skuldbindingar sínar. | 1) To obligate shareholders to contribute funds for Company requirements in excess of their obligations. |
| 2) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.                              | 2) To restrict persons' authority in respect of the handling of their shares.                            |
| 3) Að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.                                      | 3) To amend the Company's object to a considerable extent.   |

- 4) Að breyta ákvæðum samþykktanna þannig að réttarsambandi milli hluthafa sé raskað.
- 4) To amend provisions of the Articles of Association thus deranging shareholders' relationship to their position in Law.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, um breytingu í einkahlutafélag, skiptingu þess eða um sameiningu þess við annað félag/félög má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Motions relating to Amendments to the Company's Articles of Association, alteration to a Private Limited Liability Company, its administration or merging with another Company/other Companies may not be taken for consideration at its meetings, unless this has been mentioned in the call to a meeting.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

A Record of Minutes shall be kept and therein shall be entered that which occurs at shareholders' meetings.

#### **IV. kafli. Stjórn félagsins.**

#### **Section IV The Company's Board of Directors**

##### 14. grein.

##### Article 14

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnin kys sér formann, skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur.

The Company's Board of Directors shall consist of five persons and two alternate directors. The qualifications of Directors are subject to Laws. The Board will elect a Chairman, delegate duties among themselves and lay down working rules.

##### 15. grein.

##### Article 15

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal og halda ef einhver stjórnarmanna, framkvæmdastjóri, stjórn rekstrar- og vörslufélags eða endurskoðandi félagsins krefst þess. Fundir stjórnar eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á stjórnarfundum.

The Chairman calls the Board meetings and directs these. Meetings shall be held if any Director, the Company's General Manager, the Board of an operational and custodial Company or the Auditor so requires. Board meetings are lawful if the majority of Directors attend. The plurality of votes will determine the despatch of matters. Minutes shall be kept on that which occurs at Board meetings.

##### 16. grein.

##### Article 16

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins, nema kveðið sé á um annað í samþykktum þessum.

The Company's Board of Directors handle the affairs of the Company, unless alternative stipulations be contained in the present Articles of Association.

Með fyrirvara um ákvæði 18. gr., eftir því sem við á, eru verkefni stjórnar félagsins meðal annars:

Subject to Article 18, as applicable, the Board's tasks include the following:

- |   |   |
|---|---|
| <p>1) Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins, þ. á m. að gera samninga við rekstrar- og vörsluaðila félagsins. Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.</p> | <p>1) To conduct superior supervision of the Company's activities, including the conclusion of agreements with the Company's operational and custodial parties. The Company's Board shall supervise its operation, particularly accounting and finances, in conformity with Laws and resolutions.</p> |
| <p>2) Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.</p>  | <p>2) To confirm the principal sectors of the Company's administrative organization.</p>  |
| <p>3) Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða ráðningarkjör hans. Um hæfi hans og störf fer samkvæmt lögum og nánari fyrirmælum stjórnar hverju sinni.</p>   | <p>3) To engage a General Manager and determine his terms of engagement. His qualification and work will be in accordance with laws and further instructions by the Board at each given time.</p>   |
| <p>4) Að eiga aðild að samningum um launakjör starfsmanna og réttarstöðu þeirra gagnvart félaginu.</p>  | <p>4) To be parties to agreements on the terms of wages of the personnel and their position in Law vis-à-vis the Company.</p>   |
| <p>5) Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ. á m. að halda hlutaskrá um hluthafa.</p>   | <p>5) To undertake such other tasks as are determined in Laws, including the keeping of a record of shares concerning shareholders.</p>   |

17. grein.

Article 17

Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið.

The signatures of two Directors bind the Company.

18. grein.

Article 18

Þrátt fyrir önnur ákvæði samþykta þessara skulu eftirtalin málefni háð samþykki hluthafafundar félagsins, að því gefnu að ekkert í þessari 18. gr. skal koma í veg fyrir að félagið efni samningsskuldbindingar sem félagið hefur undirgengist fyrir gildistöku samþykta þessara:

Notwithstanding any other provisions of these Articles, the following matters shall be subject to the approval of the Company's shareholders' meeting, provided that, in each case, nothing in this Article 18 shall prevent the Company from complying with any contractual obligations undertaken by the Company prior to the date on which these Articles become effective:

- |  |   |
|--|---|
| <p>(a) sala eða annað framsal einhvers hluta starfsemi eða eigna félagsins eða dótturfélags félagsins, sem hefur EBITDA eða á nettó eignir sem jafngilda 10% eða meira af EBITDA móðurfélags félagsins, Klakki ehf. (kt. 610601-2350) (hér eftir „mikilvægt dótturfélag“), sem á einu fjárhagsári fer umfram</p> | <p>(a) the sale or disposal of any part of the undertaking or any assets of the Company or any subsidiary of the Company which has EBITDA (or equivalent) or net assets representing 10% or more of the EBITDA of the Company's parent company, Klakki ehf. (reg. no. 610601-2350) (a “Material</p> |
|--|---|

*PMW*



samtals kr. 300.000.000, nema um sé að ræða sölu í tengslum við fjárfestingu eða endurfjárfestingu sem fellur innan hefðbundins reksturs félagsins;

- (b) kaup, samruni, samstarfsverkefni eða fjárfestingar (eða stofnun sérstaks félags eða nýting annars félags innan samstæðunnar, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög eða 2. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (eftir því sem við á), til að framkvæma slíkar ráðstafanir) af hálfu félagsins eða mikilvægs dótturfélags sem á einu fjárhagsári fara umfram samtals kr. 300.000.000;
- (c) veiting ábyrgða, skaðleysis, veðtrygginga eða annars konar fjárhagsaðstoðar af hálfu félagsins eða mikilvægs dótturfélags sem á einu fjárhagsári fara umfram alls kr. 300.000.000;
- (d) veiting lána af hálfu félagsins eða mikilvægs dótturfélags nema að því marki sem um er að ræða:
- (1) viðskiptalán til viðskiptavina með hefðbundnum viðskipta-skilmálum og sem falla innan hefðbundins reksturs lánveitanda;
  - (2) lánveitingu sem fellur innan hefðbundins reksturs félagsins; eða
  - (3) lán veitt móður- eða dótturfélagi félagsins eða mikilvægs dótturfélags, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög eða 2. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (eftir því sem við á);
- (e) stofnun fjárhagsskuldbindinga af hálfu félagsins eða mikilvægs dótturfélags sem á einu fjárhagsári fer umfram alls kr. 300.000.000, nema að því er varðar fjárhagsskuldbindingar sem stofnað
- Subsidiary”), which in any financial year exceed an aggregate of ISK 300,000,000, other than a sale or disposal in connection with investment or reinvestment in assets by the Company in the ordinary course of trading;
- (b) acquisitions, mergers, joint ventures or investments (or the incorporation of a special purpose vehicle or use of any other member of the group, as defined in Article 2 of the Act on Public Limited Companies no. 2/1995 or Article 2 of the Act on Private Limited Companies no. 138/1994 (as applicable), to effect any such corporate actions) by the Company or any Material Subsidiary, which in any financial year exceed an aggregate of ISK 300,000,000;
- (c) the giving by the Company or any Material Subsidiary of any guarantee, indemnity, security or other form of credit support which in any financial year exceeds an aggregate of ISK 300,000,000;
- (d) the advances by the Company or any Material Subsidiary of any loans or other credit, excluding:
- (1) trade credit extended to customers on normal commercial terms in the ordinary course of trading;
  - (2) advance made by the Company in the ordinary course of trading; or
  - (3) advance made by the Company or any Material Subsidiary to their parent company or subsidiary, as defined in Article 2 of the Act on Public Limited Companies no. 2/1995 or Article 2 of the Act on Private Limited Companies no. 138/1994 (as applicable);
- (e) the incurrance of any financial indebtedness by the Company or any Material Subsidiary which in any financial year exceeds an aggregate of ISK 300,000,000, excluding indebtedness to trade creditors on normal commercial

- |   |  |
|---|--|
| <p>er til gagnvart birgjum í tengslum við hefðbundinn rekstur;</p> <p>(f) allar verulegar breytingar (þ.á m. stöðvun) á núverandi starfsemi félagsins eða mikilvægs dótturfélags eða ákvörðun um að félagið eða mikilvægt dótturfélag reki annars konar starfsemi;</p> <p>(g) tillögur um breytingar á samþykktum þessum og tillögur eða ákvarðanir um breytingar á sambærilegum gögnum dótturfélags í beinni eigu félagsins eða mikilvægs dótturfélags (þ.á m. varðandi útgáfu nýrra hluta);</p> <p>(h) ákvörðun um að gefa bú félagsins eða mikilvægs dótturfélags upp til gjaldþrotaskipta, slíta félaginu eða mikilvægu dótturfélagi eða grípa til annars konar uppgjörs á félaginu eða mikilvægu dótturfélagi (nema stjórninni sé skylt að grípa til slíkra ráðstafana);</p> <p>(i) leggja til eða hefja endurskipulagningu, innlausn hlutafjár eða lækkun hlutafjár félagsins eða mikilvægs dótturfélags; og/eða</p> <p>(j) kosning eða brottvikning stjórnarmanna mikilvægs dótturfélags og/eða breytingar á fjölda eða samsetningu stjórnar mikilvægs dótturfélags, nema að því marki sem heimilað er í samþykktum viðkomandi félags.</p> | <p>terms and incurred in the ordinary course of trading;</p> <p>(f) any material alteration (including cessation) of the present nature of the business of the Company or any Material Subsidiary or the commencement by the Company or any Material Subsidiary of any new type of business;</p> <p>(g) any proposal to alter these Articles and any proposal or resolution to alter the constitutional documents of any direct subsidiary of the Company or any Material Subsidiary (for the avoidance of doubt, including the issue of new shares);</p> <p>(h) the institution of any voluntary bankruptcy proceeding, liquidation, dissolution or other insolvency proceeding in respect of the Company or any Material Subsidiary (except where the directors are obliged or have a duty to institute such proceedings);</p> <p>(i) proposing or instituting any corporate restructuring, share buy-back or reduction of capital of the Company or any Material Subsidiary; and/or</p> <p>(j) the appointment or removal of any member of the board of any Material Subsidiary, and/or any change to the number or composition of the board of any Material Subsidiary other than as expressly permitted by their articles of association.</p> |
|---|--|

**V. kafli.  
Framkvæmdastjóri.**

**Section V  
General Manager**

19. grein.

Article 19

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem honum eru settar af stjórn félagsins eða samkvæmt samþykktum þess. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri skal sjá

The General Manager will undertake the Company's daily operation in conformity with the rules laid down for him by the Company's Board of Directors or in accordance with its Articles of Association. The daily operation does not extend to arrangements which are

um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur, og að meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti.

unusual or of a major character. The General Manager shall see to it that the Company's books be entered in conformity with Laws and customs and that the handling of the Company's assets be undertaken in a secure manner.

Framkvæmdastjóri félagsins ræður starfsmenn fyrirtækisins í samráði við stjórnina. Hann segir og upp starfsmönnum og skal það gert í samráði við stjórn félagsins.

The Company's General Manager will engage the firm's personnel in consultation with the Board. He will also terminate employment and that shall be done in consultation with the Company's Board.

Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir óska.

The General Manager is in duty bound to abide by all of the Board's instructions. He shall grant Auditors all information which they request.

## **VI. kafli. Reikningar og endurskoðun.**

## **Section VI Accounts and Audit**

### 20. grein.

### Article 20

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

The Company's fiscal year is the calendar year.

### 21. grein.

### Article 21

Ársreikningur félagsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi skal kjörinn á aðalfundi félagsins til fimm ára, sbr. sérreglu í lögum um fjármálafyrirtæki.

The Company's annual accounts shall be audited by a Chartered (Certified Public) Accountant or an Audit firm. The Auditor shall be elected at the Company's Annual General Meeting for five years, cf. special rule in the Act on Financial Undertakings.

## **VII. Eigið hlutafé félagsins.**

## **Section VII The Company's Own Share Capital**

### 22. grein.

### Article 22

Félaginu er heimilt að eignast allt að 10% eigin hluti að gættum skilyrðum 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutunum.

The Company is authorized to acquire up to 10% of own shares subject to the conditions of Art. 55 of the Act respecting Public Limited Liability Companies No. 2/1995. No voting rights attach to the shares.

**VIII. kafli**  
**Breytingar á samþykktum félagsins.**

**Section VIII**  
**Amendments to the Company's**  
**Articles of Association**

23. grein.

Article 23

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

The present Articles of Association may be amended at a lawful Annual General Meeting or an Extraordinary Meeting by means of two-third of the votes cast and also by means of the approval of shareholders controlling a minimum of two-third of the shares represented by votes at the meeting, provided that an alternative number of votes be not stipulated in the Articles of Association or national Laws.

**IX. kafli.**  
**Slit á félaginu eða samruni þess við annað félag eða félög.**

**Section IX**  
**Dissolution of the Company or its**  
**Merger with Another Company or**  
**Companies**

24. grein.

Article 24

Um slit á félaginu eða samruna við önnur félög skal fara samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutafélög svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Dissolution of the Company or merging with other Companies shall proceed in accordance with the provisions of the Act on Financial Undertakings, the provisions of the Act respecting Public Limited Liability Companies as well as other provisions of Laws which may be applicable.

**X. kafli.**  
**Önnur ákvæði.**

**Section X**  
**Other Provisions**

25. grein.

Article 25

Þar sem ákvæði samþykktu þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutafélög, ákvæði laga um ársreikninga svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Where the provisions of the present Articles of Association do not stipulate proceedings there shall be applied the provisions of the Act on Financial Undertakings, the provisions of the Act on Public Limited Companies, the provisions of the Act on Annual Accounts as well as other provisions of Laws which may be applicable.

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi félagsins þann 25. janúar 2008.

These Articles of Association were approved at the Company's Annual

Á stjórnarfundum 29. júlí er samþykkt breyting á eigin fé félagsins sem rúmast innan heimilda frá aðalfundasamþykkt og kemur sú breyting fram í 3. gr. þessarar útgáfu. Á hluthafafundi 12. nóvember 2008 var gerð breyting á 2. málslíð 1. mgr. 4. gr. samþykktar þessarar. Þann 30. desember var 4. gr. breytt til samræmis við ákvörðun stjórnar. Þann 15. apríl 2009 er samþykkt breyting á hlutfé félagsins sem rúmast innan heimilda frá aðalfundarsamþykkt og kemur sú breyting fram í 4. gr. þessarar útgáfu. Breytt á hluthafafundi þann 13. desember 2010.

General Meeting on 25 January 2008. At a meeting of the Board of Directors on 29 July 2008, a change in the Company's equity capital was approved that falls within the limits authorized by the Annual General Meeting's resolution, and that change appears in Article 3 of this version. At a shareholders meeting on 12 November 2008, a change was made in sub-paragraph 2 of paragraph 1 of Article 4 of this resolution. On 30 December Article 4 were amended in relation to the resolution of the Board of Directors. At a meeting of the Board of Directors on 15 April 2009, a change in the Company's share capital amounts was approved that falls within the limits authorized by the Annual General Meeting's resolution, and that change appears in Article 4 of this version. Amended at a shareholders' meeting on December 13 2010.

Þannig breytt með ákvörðun hluthafafundar Lýsingar hf. þann 31. mars 2014.

Thus amended by the decision of shareholders meeting of Lýsing hf. on 31 March 2014.

Þannig breytt með ákvörðun hluthafafundar Lykils fjármögnunar hf. þann 29. september 2017.

Thus amended by the decision of shareholders meeting of Lykill fjármögnun hf. on 29. September 2017.

Samþykktir félagsins eru því nú réttar skv. ofanrituðu.

The Company's Articles of Association are therefore now correct in accordance with the above.

F.h. stjórnar félagsins:

On behalf of the Company's Board of Directors,



Lilja Dóra Halldórsdóttir  
Framkvæmdastjóri / CEO

Á stjórnarfundum dags. 1. apríl 2011 var nýtt að fullu heimild stjórnar til hlutafjrhækkunar og heimildarákvæði fellt úr samþykktum.

At a meeting of the Board of Directors held on 1. April 2011, the authorisation to increase the Company's share capital was utilized in full and the authorising provision was deleted from the Articles of Association.

